

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/23/26

frá 6. apríl 2000

um fyrstu flokkun á þráðlausum búnaði og endabúnaði til fjarskipta og tilheyrandi kennimerki(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 938)

(2000/299/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkjunum ber að tilkynna skilfleti sem settar hafa verið reglur um til að unnt sé að ákvarða hvort þeir séu jafngildir.
- 2) Þar eð þegar er vitað að tilteknir skilfletir þráðlauss fjarskiptabúnaðar eru jafngildir lagalega séð ber að ákvarða jafngildi slíkra skilflata til bráðabirgða uns tilkynning hefur borist um skilfleti sem settar hafa verið reglur um.
- 3) Sérfræðingar frá aðildarríkjunum og úr þessum geira hafa kynnt sér reglur um flokkun skilflata. Sú ályktun var dregin af þessum könnunum að það þjónaði ekki hagsmunum neytenda eða eftirlitsyfivalda að taka upp viðtæka flokkun eða merkingar.
- 4) Aðildarríkin hafa enn ekki tilkynnt skilfletina sem settar hafa verið reglur um á yfirráðasvæðum þeirra.
- 5) Þó er vitað um allmarga skilfleti, einkum þá sem settar hafa verið reglur um með sameiginlegum tæknireglugerðum sem hafa verið samþykktar samkvæmt tilskipun 98/13/EB.
- 6) Rétt er að flokka í einn flokk þann búnað sem unnt er að markaðssetja í öllu bandalaginu og taka í notkun án takmarkana.
- 7) Rétt er að slíkur búnaður beri einungis CE-merkið.
- 8) Það er þó markaðseftirlitsyfírvöldum og neytendum í hag að kennimerkið fyrir flokk búnaðarins sýni hvort takmarkanir eru á því að markaðssetja þráðlausa fjarskiptabúnaðinn eða taka hann í notkun.
- 9) Til bráðabirgða má flokka allan búnað, sem háður er slíkum takmörkunum, í einn flokk.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 97, 19.4.2000, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

- 10) Þó kann að verða gert ráð fyrir fleiri flokkum eftir að aðildarríkin hafa tilkynnt skilfleti sem settar hafa verið reglur um.
- 11) Betra er að lýsa flokkunum ekki nákvæmlega í þessari ákvörðun með tilliti til tegundar búnaðar. Því mun framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við fastanefndina sem fjallað er um í tilskipun 1999/5/EB (TCAM), birta og viðhalda viðmiðunarskrá á Netinu, sem er ekki tæmandi, yfir mismunandi búnað, sundurgreindan eftir flokkum búnaðar, til leiðbeiningar fyrir framleiðendur. Framleiðendum er ráðlagt að hafa samráð við tilkynntan aðila þegar um er að ræða vörur sem enn eru ekki til slíkar leiðbeiningar um.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þráðlaus búnaður og endabúnaður til fjarskipta, sem unnt er að setja á markaðinn og taka í notkun án takmarkana, skulu vera einn flokkur. Flokkurinn nefnist „1. flokkur“. Þessum flokki er ekki úthlutað kennimerki fyrir flokk búnaðar.
2. Þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem aðildarríkin setja takmarkanir á að sé tekinn í notkun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 1999/5/EB eða sem aðildarríkin setja takmarkanir á að sé tekinn í notkun samkvæmt 5. mgr. 9. gr. tilskipunar 1999/5/EB, skal vera einn flokkur. Flokkurinn nefnist „2. flokkur“. Búnaði í þessum flokki er úthlutað eftirfarandi kennimerki fyrir flokk búnaðar:



3. Að höfðu samráði við nefndina um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM) mun framkvæmdastjórnin birta og viðhalda viðmiðunarskrá, sem er ekki tæmandi, yfir búnað í framangreindum flokkum á vefsetrinu þar sem gefnar eru upplýsingar um tilskipun 1999/5/EB (<http://europa.eu.int/comm/enterprise/rtte>).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.